

Forsætisnefnd

Tæknimál borgarstjórnar - umræða á fundi forsætisnefndar

Að beiðni forseta borgarstjórnar hefur skrifstofa borgarstjórnar tekið saman minnisblað um helstu atriði er varða tæknileg mál og útsendingar á fundum borgarstjórnar.

Heimasíða borgarstjórnar í beinni

Á heimasíðu borgarstjórnar í beinni er að finna allar upplýsingar sem tengjast fundi borgarstjórnar. Heimasíðan er í stöðugri þróun þannig að auðvelt sé að nálgast þær upplýsingar sem leitað er eftir, en útlit hennar og framsetningu gagna hefur ekki verið breytt á þessu kjörtímabili. Kl. 14:00 á föstudegi fyrir borgarstjórnarfund birtist samþykkt dagskrá á heimasíðunni. Í sérstökum dálki til hægri á síðunni er að finna tengla með öllum fundargögnum á pdf-formi, þ.m.t. framlagðar tillögur með greinargerðum auk fundargerða. Nafn tengils er það sama og í dagskránni svo framarlega sem það rúmast innan 128 stafabíla, sem er tæknilega hámarkið fyrir nöfn á skjölum. Rúmist það ekki innan þess stafabíls er það stýtt með því markmiði að skýrt komi fram hvaða máli á dagskrá borgarstjórnar það skjal tilheyrir. Eðli málsins samkvæmt er ekki gert ráð fyrir fylgigögnum með umræðum á dagskrá, nema sérstaklega sé óskað eftir því. Á heimasíðunni er jafnframt að finna myndspilara sem er virkur á meðan útsendingu stendur og sérstakan tengil á hljóðútsendingu.

Mælendaskrá

Á heimasíðu borgarstjórnar er að finna upplýsingar um mælendaskrá sem er uppfærð handvirkt á meðan fundinum stendur. Reynt hefur verið að finna tæknilausn svo að borgarfulltrúar geti sett sig á mælendaskrá með rafrænum hætti, en það hefur ekki enn tekist m.a. vegna þess að rafræn fundarkerfi gera ekki ráð fyrir fyrir tvöfaldri mælendaskrá þ.e. einni fyrir ræður og annarri fyrir andsvör. Áfram verður unnið að lausn á þeim málum. Á meðan fundir borgarstjórnar hafa verið haldnir í gegnum fjarfundabúnað að öllu leyti eða hluta, hafa borgarfulltrúar sett sig á mælendaskrá og óskað eftir andsvörum með því að nýta sér spjallglugga fundarkerfisins. Þeir borgarfulltrúar sem sitja í borgarstjórnarsal hafa áfram sett

sig á mælendaskrá með því að veifa forseta eða ritara en vel færi á því að framvegis myndu allir nýta spjallgluggann til að einfalda framkvæmd fundarins.

Útsending

Í beinni útsendingu af fundum borgarstjórnar og á upptöku er að finna borða með upplýsingum um það hvaða borgarfulltrúi er í ræðustól hverju sinni og hvaða mál er til umræðu. Í borðanum er hægt að koma fyrir texta sem er rúmast innan breidd útsendingarinnar, á bilinu 70-90 stafabil og eru borgarfulltrúar beðnir um að hafa það í huga þegar dagskrárliðir eru nefndir. Nöfn á dagskrárliðum eru styttn til að koma þeim fyrir í borðanum skv. verklagi skrifstofu borgarstjórnar. Þegar fjarfundabúnaður er notaður er gert ráð fyrir því að flestir fundarmenn sjáist á skjá og í útsendingu nema þegar kjörinn fulltrúi er í ræðustól hvort sem er í sal eða heima. Þegar glærur eru sýndar, er lítil mynd af ræðumanni í hægra horni í útsendingu.

Upptökur

Á heimasíðu borgarstjórnar er einnig að finna sérstakt svæði þar sem vísað er á upptökur allra funda ásamt fundargögnum. Að loknum fundi er upptaka hvers fundar tímastimpluð og klippt niður í dagskrárliði og einstakar ræður undir hverjum lið. Áhugasamir geta því auðveldlega kynnt sér umræður og málflutning einstaka borgarfulltrúa undir hverju máli. Miðað er við að tímastimplaðar upptökur liggi fyrir á vef Reykjavíkurborgar innan tveggja daga frá því að fundur er haldinn, en það fer eftir lengd funda hversu langan tíma það tekur að vinna hann til opinberrar birtingar á vef Reykjavíkurborgar. Óklippt útgáfa er þó aðgengileg á vefnum fljótlega eftir að fundi lýkur, og með því að fara á síðu upptökunnar á Youtube er hægt að búa til slóð á staka staði í upptökunni áður en tímamerkingar eru birtar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar